

Nefndasvið Alþingis  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 05. febrúar 2020  
2020010075/42-1-3  
TB  
jgo/tb

### Tillaga til þingsályktunar um stjórnunar- og verndaráætlun fyrir álfir og gæsastofna á Íslandi, 203. mál.

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 23. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um stjórnunar- og verndaráætlun fyrir álfir og gæsastofna á Íslandi, 203. mál. Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela umhverfis- og auðlindaráðherra, í samvinnu við Umhverfisstofnun og hagsmunaaðila, að gera stjórnunar- og verndaráætlun fyrir álfir og alla gæsastofna á Íslandi. Ráðherra skili Alþingi skýrslu um áætlunina fyrir 1. mars 2020.

Náttúrufræðistofnun tekur undir að gerðar séu stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir framangreindar fuglategundir jafnt sem aðrar sem þarf að setja í forgang. Í nokkurn tíma hefur verið unnið að því að festa í sessi gerð stjórnunar- og verndaráætlana m.a. í gegnum alþjóðasamninga eins og AEWA en einnig með endurskoðun á lögum um vernd friðun, og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994. Endurskoðun laganna er í vinnslu. Eins og er hafa fyrrgreindar áætlanir engan lögformlegan sess og til að vinna stjórnunar- og verndaráætlanir þarf bæði mannafla, tíma og fjármagn. Til dæmis þarf að geta sýnt fram á með faglegum og vísindalegum hætti (vöktun og rannsóknunum) ef talið er að tiltekin tegund valdi tjóni og einnig hvaða aðferðir eru líklegastar til að skila árangri ef sýnt er fram á tjón.

Allar þær tegundir sem nefndar eru í tillögunni eru farfuglar og málið ekki einfalt af þeim ástæðum auk þess sem t.d. álfir er friðuð og fuglar einnig almennt friðaðir á varptíma skv. íslenskum lögum og alþjóðasamningum, sjá t.d. Bernarsamninginn. Stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir farfugla þarf að vinna í samvinnu/samráði við önnur ríki sem málið varða. Ekki má gleyma að þó alþjóðasamningar geri m.a. ráð fyrir ákveðinni stýringu á tegundum, AEWA og Bernarsamningurinn, þá eru meginmarkmið þeirra í eðli sínu vernd. Sjónarmiðin eru því mörg og hagsmunaaðilar fleiri en nefndir eru í greinargerð með tillögunni.

Það er vafasamt að fullyrða nokkuð um hvað best er að gera, bæði vistfræðilega og m.t.t. tjóns,



fyrir en stjórnunar- og verndaráætlanir hafa verið unnar. Eðli þeirra er einnig að vera í sífelldri endurskoðun enda t.d. fjölgun eða fækkun í stofnum fuglategunda ýmist af náttúrulegum ástæðum eða af mannavöldum eða hvorttveggja. Ekki er hægt að gera ráð fyrir að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir framangreindar tegundir sé tilbúin 1. mars 2020.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

